

Að innleiða hæfnimiðað nám og kennslu

Frá því að ný aðalnámskrá kom út árið 2013 hefur verið unnið markvisst að því að innleiða hæfnimiðað nám og kennslu í skólasterfið. Að auki við þessar breyttu hugsun um nám og kennslu hefur samfélagið, hlutverk skólans og kennarans tekið miklum breytingum síðustu ár. Í skólasamfélaginu má merkja ákveðinn mótbyr við að innleiða þessar breytingar og nýjan hugsunarhátt. Mörgum þykir verkefnin vera orðin of mörg og álagið of mikið. Þörf er á því að skoða ferla, áætlanir, kennslu og fyrirkomulag og endurskipuleggja og forgangsráða með þeim hætti að það skapist tími og rúm fyrir að innleiða breytingarnar. Ætla má að hugmyndafræði Lean gæti gagnast skólanum við að innleiða breytingar og umbætur á skólasterfi sem fela í sér að efla hæfnimiðað nám auk þess sem Lean gefur okkur verkfæri sem má nota til að nýta tíma og krafta mannauðsins sem best og efla jákvæða skólamenningu. Lean aðferðin í stjórnun hefur verið rannsökuð í þaula og er af mörgum talin ein árangursríkasta stjórnunaraðferð 21.aldarinnar, ef hún er rétt notuð.

Innleiðing Lean stjórnunarháttanna í skólasterfið samræmist einnig heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna því með bættri stjórnun ættum við að geta unnið markvissar en áður að menntun fyrir alla og hæfnimiðuðu námi. Einnig gætu Lean stjórnunarhættir aðstoðað stjórnendur við að endurskipuleggja og forgangsráða verkefnum með þeim hætti að álag verði minna og heilsa og vellíðan betri.

Að hausti 2020 er áætlað að stjórnendur Álfhólsskóla fari á námskeið hjá LEAN ráðgjöf um hvernig megi innleiða Lean hugmyndafræðina í skólasterfi og stjórnun menntastofnanna. Í fyrsta lagi væri farið yfir hlutverk Lean stjórnenda og hvaða aðferðir stjórnendur geta innleitt hjá sér til að verða betri stjórnendur. Í öðru lagi er fjallað um hvernig megi greina rót vandans í stað þess að slökkva elda og kenna starfsfólki að gera slíkt hið sama. Í þriðja lagi er farið yfir mikilvægi breytinga og þess að virkja allan mannauðinn í stöðugar umbætur.

Markmiðið eru að:

- Stjórnendur efli sig í sínu starfi.
- Stjórnendur fái frekari færni í að greina rót vandans og kenna starfsfólki að gera slíkt hið sama.
- Stjórnendur efli sig í breytingastjórnun og læri leiðir til að virkja allan mannauðinn í stöðugar umbætur.
- Stjórnendur fái kistu af verkfærum sem nýta má til að innleiða nýja aðalnámskrá og hæfnimiðað nám.
- Stjórnendur nái fram því besta úr mannauðnum með því að bæta samskipti og vinnuferla.